

Skólaslit 2014.
Ræða skólameistara.

Heiðraða samkoma. Við hefjum þessa athöfn að venju á því að rísa úr sætum og syngja skólasönginn, texta Einars Benediktssonar Til fánans við lag Björgvins Guðmundssonar. Undirleikari er Eyrún Jónasdóttir, kórstjóri kórs skóla vors. Skólasöngurinn - Til fánans.

Ágætu verðandi nýstúdentar, fjölskyldur þeirra, starfsmenn, júbilantar og aðrir gestir.

Áður en athöfn þessi hófst fór fram myndataka af þeim síungu sveinum sem útskrifuðust sem nýstúdentar frá skólanum vorið 1954, fyrir 60 árum. Þeir voru 10 brottfarendurnir og eru 9 á lífi, en einn bekkjarbróðirinn, Árni Ólafsson fyrrverandi læknir er starfaði í Sviss, lést 11. apríl síðastliðinn. Árni heitinn hafði gert ráðstafanir til að koma og hlakkaði mikið til fararinnar. Það er í minningu hans sem myndin var tekin. Illugi Gunnarsson, mennta- og menningarmálaráðherra og undirritaður voru með þeim við myndatökuna, en fyrir 10 árum, á 50 ára júbilantaafmæli þeirra, voru það Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir þáverandi menntamálaráðherra og sá sem hér stendur. Útskriftarár félaganna voru með þeim á mynd Bjarni Benediktsson menntamálaráðherra og Sveinn Þórðarson fyrsti skólameistari Menntaskólans að Laugarvatni. Myndatakan hefur farið fram á sama stað utan við skólahúsið öll þessi merku tímamót og uppröðun einstaklinganna ætíð verið sú sama. Hægt er að fullyrða að það er einstakt að hafa tækifæri til þessa og þakkarvert. Ég óska þeim höfðingjum til hamingju með daginn og júbilöntum öllum. Ráðherra hafði ekki tók á að vera með okkur lengur en það fyrir bestu kveðjur.

Breytingatímar eru framundan. Það er stefna stjórnvalda að stytta nám til stúdentsprófs. Í því á ekki að vera niðurfærsla stúdentsprófsins fólgin heldur skal nýta tímann með nemendum betur, sérgreindur prófatími verður afnuminn, endurtekningar á innihaldi náms á frá einu skólastigi til annars skulu vera í lágmarki og hluti náms fyrsta árs í kjarnagreinum skal tilheyra grunnskólastiginu. Ég lít á það sem sóknarfæri fyrir ML að nýta tímann enn betur en gert er með því að breyta skipulagi námsmats þannig að hefðbundinn prófatími verði mun styttri en verið hefur. Ég lít á það sem sóknarfæri fyrir ML að nemendur geti útskrifast sem stúdentar á þremur árum í stað fjögurra. Því er þó ekki að neita að það verður, þegar þessi breyting hefur gengið í gegn, mikil eftirsjá af ýmsu. En ég vil hafa þá trú að til lengri tíma litið verði hún til góðs fyrir samfélagið í heild sinni. Ég horfi til þess að form náms- og kennslu breytist umtalsvert í framtíðinni, minna verði um beinar innlagnir í kennslustundum, þær fari að hluta til fram með upptökum sem aðgengilegar verða á innra neti skólans. Svonefnd vendikennsla eða spegluð kennsla mun ryðja sér til rúms hjá okkur sem og í öðrum skólum en nú þegar hafa kennarar skólans starfað æ meir eftir þeirri hugmyndafræði. Kennarinn verður í vaxandi mæli í hlutverki leiðbeinandans, leiðsögumannsins um frumskóg fræðanna. Þess verður þó gætt að nemendur þjálfist í hefðbundinni próftöku og er ekkert því til fyrirstöðu þrátt fyrir að sérgreindur prófatími verður stuttur eða enginn. Fjöldi skemmri og lengri prófa er nú þegar á kennslutíma þar sem setir er við. Viðmiðið í framtíðinni er vinnan og tími nemandans sem í námið fer miðað við markmið og kröfur um þekkingu, færni og hæfni. Fjöldi kennslustunda er hverfandi mælikvarði. Já, tíminn er afstæður, það eru gömul sannindi og ný sem koma fram í síbreytilegri birtingarmynd.

Stjórnendur og kennarar skólans munu ljúka við nýjar brautalýsingar næsta vetur og verður inntaka nýnema inn á þriggja ára brautir að ári liðnu. Það tekur síðan þrjú ár að “keyra þessi

tvö kerfi í gegn”, ef ég leyfi mér að orða það þannig, og því munu vorið 2018 útskrifast þeir nýnemar sem við innritum næstu vikurnar og svo þeir sem innritast sem nýnemar til náms haustið 2015.

Einhverjar breytingar eru fyrirsjáanlega á innihaldi námsins, því margt kallar á. Nýjar námsgreinar munu koma inn, aðrar munu víkja að hluta, meta þarf hverju má sleppa og hvað má alls ekki missa sín. Áfram verður áhersla á náttúruvísindi og félagsvísindi en innihald námsgreina mun breytast að einhverju leyti. Í engu verður slakað á hvað námskröfur og gæði varðar. Markmiðið er það sama og verið hefur; að undirbúa nemendur vel undir áframhaldandi nám í háskólum og sérskólum og undir þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelldri þróun. Kjarni málsins er einmitt þessi; “.. sem er í sífelldri þróun”. Þjóðfélagið og tæknin hefur tekið gífurlegum breytingum síðustu áratugina og hefur menntakerfið leitast við að fylgja þeim eftir af fremsta megni. Áherslan skal vera á vinnulag nemenda, að það sé jafnt og þétt og ætíð faglegt. Það eru skiptar skoðanir meðal skólamanna á þessari fyrirætlun stjórnvalda en allt er breytingum háð. Gífurleg gróska er í Evrópu og víðast um heim í menntunarfræðum og aðferðum þeim er lúta að námi, kennslu og námsmati. Of langt mál er að telja upp öll þau hugtök sem notuð eru í umræðunni og er það ærinn starfi hjá hverjum og einum skólamanni að viðhalda og efla faglega færni sína við kennslu.

Þetta er vandasamt verk sem við ætlum að leysa af hendi með sóma.

Því er ekki að neita að það var stoltur hópur starfsmanna skólans sem fór af viðurkenningarhátíðinni “Viðburður ársins” er haldin var í Hörpu í fyrradag. Menntaskólinn að Laugarvatni ber nú nafnbótina “Fyrirmyndarstofnun ársins”. Um 300 stofnanir og fyrirtæki tóku þátt í könnun er gerð var meðal 50 þúsund starfsmanna þeirra og svöruðu um 14 þús. af þeim fyrirhöggðum rafrænum spurningalista. Einkunnir voru gefnar í flokkunum: trúverðugleiki stjórnenda, starfsandi, launakjör, vinnuskilyrði, sveigjanleiki í vinnu, sjálfstæði í starfi, ímynd stofnunar, ánægja og stolt. Stofnunum og fyrirtækjum var skipt í þrjá flokka eftir starfsmannafjölda og er skemmst frá því að segja að við mældumst með heildareinkunn sem tryggði okkur fjórða sætið í flokknum meðalstórar stofnanir hvar voru 43 aðrar. Þessum heiðri deilum við öll saman, starfsmenn skólans. Við látum þetta ekki stíga okkur til höfuðs heldur stefnum að því að gera enn betur.

Ég mun ávarpa nýstúdentu sérstaklega í lok dagskrár en nú flytur annál skólaársins 2013-2014, aðstoðarskólameistari vor, Páll M. Skúlason.

Halldór Páll Halldórsson skólameistari